

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 28. apríl 2022
UST202204-090/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag - Hrollaugsstaðir

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag fyrir Hrollaugsstaði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að fjölga íbúðum á svæðinu í allt að 31 íbúð og því skilgreint nýtt íbúðarsvæði sem er 2,9 ha að stærð. Auk þess kemur fram í gildandi aðalskipulagi að svæðið sé skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og mun deiliskipulagið gera ráð fyrir allt að 60 gistirýmum og tjaldsvæði.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fimm lóðum fyrir parhús og raðhús, allt að 26 íbúðum.

Fráveita

Í aðalskipulagsbreytingunni er fjallað um fráveitumál. Umhverfisstofnun bendir á að fjallað sé um í deiliskipulagstillögunni um umfang fráveitu og staðsetningu hreinsivirkja og að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Stofnunin hvetur einnig sveitarfélagið að huga að blágrænum ofanvatnslausnum á deiliskipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur